



Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta

Við framlagningu árshlutauppgjörs Reykjavíkurborgar


janúar – júní 2026

Lagt fram í borgarráði

10. september 2026



1.2 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur	2.589	2.642	-53	-2,0%
Laun og launat. gj.	-31.595	-30.850	-744	2,4%
Annar rekstark.	-18.890	-18.835	-55	0,3%
Nettó útgjöld- án sérst. afskr.	-47.896	-47.044	-853	1,8%
Sér afskrift - sjá texta	-306	0	-306	n/a
Nettó útgjöld	-48.202	-47.044	-1.158	2,5%

Tekjur voru 2% undir áætlun sem kemur til vegna lægri tekna en áætlað var í frístundastarfi eða um 102 m.kr. sem kemur til vegna þess að aðsókn var minni en gert var ráð fyrir og áhrif breytinga tekna vegna breytinga á vistunartíma í leikskólum. Hærri tekjur eru m.a. vegna styrkja 31 m.kr. og tekjur umfram áætlun vegna þjónustu við önnur sveitarfélög 73 m.kr.

Laun voru 2,4% umfram fjárheimildir. Annar rekstarkostnaður var 0,3% umfram fjárheimildir sé leiðrétt fyrir sérstakri afskrift að upphæð 306 m.kr. sem er sérgreind í töflunni hér að ofan.

Heildarveikindahlutfall innan SFS janúar til júní 2026 var 7,13% en á sama tíma 2025 var hlutfallið 8,19%, sem er jákvæð þróun frá fyrra ári.


Til að takast á við rekstur starfsstaða SFS þá hafa verið haldnir reglulegir fundir með stjórnendum starfsstaða þar sem farið er yfir stöðuna og ákveðið til hvaða aðgerða er nauðsynlegt að grípa svo að reksturinn verði innan fjárheimilda.

Í uppgjörinu er fært til gjalda hjá SFS eignfærður hönnunar- og undirbúningskostnaður af framkvæmdum sem til stóð að fara af stað með en hefur verið hætt við. Er þetta vegna fimm leikskóla og hluta náttúru- og fræðsluhúss, en í því stóð til að hafa félagsmiðstöð, sjá nánar í töflu yfir sérstaka afskrift.

Mikið aðhald er í starfsmannahaldi þar sem allar ráðningar starfsmanna fara fyrir ráðninganefnd þar sem færa þarf rök fyrir hverri ráðningu. Á árinu 2024 voru nær allir leikskólar umfram fjárheimildir en með tilkomu nýs reiknilíkans leikskóla, Snorra sem tekið var í notkun á árinu 2025, færðist rekstrarafkoma leikskólanna til betri vegar. Á árinu 2026 eru leikskólar sem eiga við rekstrarvanda að etja sem má meðal annars rekja til innvistar- og húsnæðisvanda. Í apríl 2026 var Reykjavíkurléiðin tekin í notkun og er því ekki farin að hafa mikil áhrif á rekstur leikskóla. Með breytingum verður grunnvistun gjaldfrjáls, tekjutengd gjaldskrá og hvati til styttri dvalartíma. Aukinn kostnaður hefur verið vegna sjálfstætt starfandi leikskóla vegna fjölgunar barna og hækkunar á greiðslum. Framúrkeyrslu hjá leikskólum borgarinnar má að mestu rekja til stuðnings og langtímaveiðinda sem hefur verið umfram áætlun ásamt þeirra áhrifa sem röskun á starfi leikskóla vegna framkvæmda. Hjá almennum grunnskólum borgarinnar hafa framkvæmdir valdið töluverðu óhagræði í rekstri og auknum kostnaði, Klettaskóli er einnig verulega umfram

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar – júní 2026 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 48.202 m.kr. sem var 1.158 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,5%. Hluti fráviksins eða 306 m.kr. skýrist af einskiptis afskriftum ef tekið er tillit til þessa kostnaðar þá voru nettó útgjöld SFS 47.896 m.kr. sem var 853 m.kr. eða 1,8% umfram fjárheimildir. Til samanburðar var sviðið 232 m.kr. umfram fjárheimildir á sama tímabili 2025 eða 0,5%. Lögð er áhersla á aðhald í rekstri og að stöðugildafjöldi á starfsstöðum sé í samræmi við þau líkön sem notuð eru til úthlutunar fjárheimilda. Ytri aðstæður hafa verið rekstri sviðsins óhagstæðar þar sem verðbólga hefur verið meiri en reiknað var með við gerð áætlunar sviðsins og því hafa stórir rekstrarþættir eins og fæðiskostnaður nemenda hækkað meira en gert var ráð fyrir við gerð áætlunar sviðsins.



Sérstök afskrift	m.kr.
Hof	-21
Funaborg	-17
Seljakot	-13
Miðborg	-194
Vesturborg	-14
Náttúru- og fræðsluhús	-48
Samtals	-306

fjárheimildum eins og undanfarin ár þar sem fjárheimildir hafa ekki verið í takt við rekstur, unnið er að nýju rekstrarlíkani fyrir Klettaskóla.

SFS - sviðshlutar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	%
Grunnskólar	1.032	940	92	-17.210	-16.638	-572	-10.478	-10.721	242	-26.656	-26.418	-238	0,9%
Leikskólar	1.027	1.075	-48	-10.617	-10.351	-266	-6.932	-6.348	-584	-16.522	-15.625	-897	5,7%
Frístundastarf	506	608	-102	-2.858	-2.912	53	-570	-494	-77	-2.922	-2.798	-125	4,5%
Skrifstofur SFS	9	5	4	-665	-672	7	-205	-224	19	-861	-891	30	-3,4%
Listaskólar ofl.	15	15	0	-245	-278	33	-1.011	-1.049	38	-1.240	-1.312	72	-5,5%
Samtals	2.589	2.642	-53	-31.596	-30.850	-744	-19.196	-18.835	-361	-48.202	-47.044	-1.158	2,5%

Þegar horft er á rekstur SFS eftir sviðshlutum sést að sviðið í heild var samtals 1.158 m.kr. eða 2,5% umfram fjárheimildir, þ.m.t. sérstök afskrift. Rekstur leikskólahluta var 5,7% umfram fjárheimildir. Grunnskólahluti var 0,9% umfram fjárheimildir og frístundastarf var 4,5% umfram fjárheimildir.

Grunnskólahluti

Nettó útgjöld grunnskólahluta SFS voru 26.656 m.kr. sem var 238 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,9%.


Grunnskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %
Grunnskólar samr.	86	67	19	-2.243	-2.244	1	-1.267	-1.253	-14	-3.424	-3.430	6	-0,2%
Grunnskólar	108	0	108	-13.258	-12.882	-375	-6.437	-6.567	130	-19.586	-19.449	-137	0,7%
Sérskólar	560	525	35	-1.376	-1.222	-154	-456	-429	-26	-1.272	-1.126	-145	12,9%
Samt. borgarrekn.	754	592	162	-16.876	-16.348	-528	-8.159	-8.249	89	-24.282	-24.005	-277	1,2%
Miðlægt	394	464	-70	-315	-405	91	-641	-689	47	-562	-630	68	-10,7%
Óreglulegir liðir	-116	-116	0	-19	116	-135	-6	-83	77	-141	-83	-58	69,7%
Einkaskólar							-1.671	-1.700	29	-1.671	-1.700	29	-1,7%
Samtals	1.032	940	92	-17.210	-16.638	-572	-10.478	-10.721	242	-26.656	-26.418	-238	0,9%

Grunnskólar borgarinnar

Grunnskólar borgarinnar og samreknir skólar voru 131 m.kr. umfram fjárheimildir. Sérskólar voru 145 m.kr. umfram fjárheimildir. Rekstur margra grunnskóla er í jafnvægi, en það eru þó skólar sem eru umfram fjárheimildir og er unnið að úrlausn rekstrarvandans í samvinnu við stjórnendur.

Umframkeyrsla á rekstri skóla sem standa í framkvæmdum vegna viðhalds og endurbóta vegur þungt en slíkt hefur raskað skólastarfi töluvert og valdið auknum launakostnaði vegna þess óhagræðis sem fylgir fleiri starfsstöðvum. Fleiri starfsstöðvar skólanna leiða auk þess til hækkunar á rekstrarliðum s.s. launakostnaði, skólaakstri og mötuneytiskostnaði.

Afleysing vegna langtímaveikinda í grunnskólum og sérskólum nam um 424 m.kr. Skammtímaveikindi starfsmanna kalla á afleysingu til að geta haldið uppi lögbundnu skólastarfi. Heildarveikindahlutfall hjá grunnskólum var um 6,53% á tímabilinu en var 7,28% fyrir sama tímabil 2025.



Annar rekstrarkostnaður grunnskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda				
Innri leiga húsnæðis	-5.564	-5.522	-41	0,8%
Rafmagn, hiti og vatn	-269	-235	-34	14,5%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	-258	-223	-35	15,7%
Einkareknir skólar	-1.671	-1.700	29	-1,7%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	-151	-186	35	-18,8%
Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda	-7.913	-7.866	-47	0,6%
Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda				
Hráefni í mótuneyti	-812	-1.095	283	-25,8%
Kennsluefni	-94	-124	31	-24,6%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	-358	-364	6	-1,7%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	-211	-315	103	-32,8%
Leiga íþróttamannvirkja	-207	-202	-5	2,3%
Aðkeypt vinna	-129	-77	-52	67,5%
Innri leiga búnaðar	-503	-466	-37	8,0%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	-251	-211	-40	18,9%
Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda	-2.565	-2.854	289	-10,1%
Samtals annar rekstrarkostnaður	-10.478	-10.721	242	-2,3%

Öðrum rekstrarkostnaði grunnskóla er skipt upp í tvo megin hluta. Kostnað sem stjórnendur hafa ekki aðkomu að og kostnað sem stjórnendur geta haft áhrif á í daglegum rekstri, í heildina er annar rekstrarkostnaður innan fjárheimilda.

Sá hluti annars rekstrarkostnaðar, sem stjórnendur hafa áhrif á, er innan fjárheimilda og vegur þar mest hráefni í fæðiskostnað. Þó eru liðir eins og aðkeypt vinna sem eru verulega umfram fjárheimildir en skýrast þó af lögbundinni skyldu stjórnenda til að halda uppi skólastarfi og ráðningu afleysingarkennara vegna veikinda starfsfólks á tímabilinu. Akstur var samkvæmt áætlun.

Sérskólar:

Klettaskóli er sérskóli á grunnskólastigi sem þjónar öllu landinu. Á tímabilinu var rekstur skólans um 142 m.kr. umfram fjárheimildir. Skólagöngu nemenda sem búsettir eru utan Reykjavíkur fjármagna heimasveitarfélög nemendanna. Rekstur skólans hefur verið talsvert umfram fjárheimildir síðustu ár þar sem þjónustuþyngd barna hefur aukist mikið. Afleysingar vegna veikinda vega þungt í rekstri skólans en veikindahlutfall var um 9,26% á árinu 2026. Um 45% nemenda í Klettaskóla eru börn úr öðrum sveitarfélögum og er greiðsluþátttaka sveitarfélaganna byggð á raunkostnaði.

Brúarskóli er tímabundið skólaúrræði með það markmið að efla nemendur og styðja við þá svo þeir verði hæfari til að stunda nám í almennum grunnskóla. Rekstur skólans var í jafnvægi.

Arnarskóli er sjálfstætt starfandi sérskóli þar hefur borgin verið með 14 börn, útgjöld voru um 6,4 m.kr. umfram fjárheimildir sem kemur til vegna breytinga á gjöldum frá upphaflegri áætlun.


Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu grunnskóla borgarinnar: Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2026 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

Borgarreknir grunnskólar (m.kr.)													
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostnaður raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávik	Samtals rekstur	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Samreknir skólar													
Norðlingaskóli	22	15	7	-577	-561	-16	-333	-328	-5	-889	-875	-14	1,6%
Dalskóli	30	16	14	-530	-528	-2	-473	-454	-18	-973	-966	-7	0,7%
Ártúnsskóli	18	19	-1	-300	-302	2	-122	-118	-4	-403	-401	-2	0,5%
Fellaskóli	5	5	0	-540	-541	1	-224	-231	7	-758	-766	8	-1,0%
Klébergsskóli	11	12	-1	-296	-312	16	-115	-121	6	-400	-420	20	-4,9%
Samreknir samtals	86	67	19	-2.243	-2.244	1	-1.267	-1.253	-14	-3.424	-3.430	6	-0,2%
Grunnskólar													
Laugarnesskóli	1	0	1	-485	-447	-38	-252	-237	-15	-736	-683	-53	7,7%
Foldaskóli	2	0	2	-546	-494	-52	-223	-223	1	-767	-717	-50	7,0%
Selásskóli	1	0	1	-209	-191	-19	-145	-141	-4	-354	-332	-22	6,6%
Breiðholtsskóli	0	0	0	-500	-449	-51	-215	-226	11	-716	-676	-40	5,9%
Laugalækjarskóli	-1	0	-1	-409	-373	-36	-189	-195	6	-599	-568	-31	5,4%
Hlíðaskóli	6	0	6	-627	-600	-27	-277	-258	-18	-898	-859	-39	4,6%
Hólabrekkuskóli	1	0	1	-472	-454	-18	-256	-246	-10	-727	-700	-27	3,9%
Breiðagerðisskóli	7	0	7	-367	-336	-31	-188	-192	4	-548	-528	-20	3,7%
Fossvogsskóli	2	0	2	-344	-324	-20	-222	-222	0	-564	-546	-18	3,3%
Hagaskóli	7	0	7	-541	-514	-27	-303	-297	-6	-837	-811	-25	3,1%
Ingunnarskóli	2	0	2	-365	-342	-23	-181	-187	5	-544	-529	-16	2,9%
Engjaskóli	3	0	3	-287	-263	-24	-147	-157	10	-431	-419	-12	2,9%
Rimaskóli	1	0	1	-506	-467	-40	-241	-261	20	-746	-728	-19	2,6%
Vogaskóli	1	0	1	-494	-487	-7	-227	-222	-5	-719	-709	-10	1,5%
Borgaskóli	2	0	2	-272	-255	-17	-149	-159	9	-420	-414	-6	1,4%
Hvassaleitisskóli	5	0	5	-296	-292	-3	-177	-173	-5	-468	-465	-3	0,7%
Austurbæjarskóli	3	0	3	-416	-406	-11	-197	-203	7	-611	-609	-1	0,2%
Háteigsskóli	20	0	20	-551	-526	-25	-173	-177	3	-704	-703	-1	0,1%
Álftamýrarskóli	1	0	1	-433	-423	-10	-191	-203	13	-622	-626	4	-0,7%
Seljaskóli	15	0	15	-625	-602	-23	-205	-223	18	-816	-826	10	-1,2%
Sæmundarskóli	1	0	1	-433	-430	-3	-236	-250	15	-668	-680	12	-1,8%
Víkurskóli	3	0	3	-233	-243	10	-137	-132	-5	-367	-375	7	-2,0%
Melaskóli	4	0	4	-458	-448	-10	-185	-204	19	-639	-652	13	-2,0%
Húsaskóli	5	0	5	-230	-245	14	-143	-132	-11	-369	-377	8	-2,1%
Ölduselsskóli	0	0	0	-474	-475	1	-244	-260	15	-718	-735	16	-2,2%
Langholtsskóli	0	0	0	-641	-650	10	-312	-330	18	-952	-980	28	-2,8%
Grandaskóli	9	0	9	-326	-342	15	-170	-163	-6	-487	-505	18	-3,6%
Hamraskóli	0	0	0	-305	-326	20	-158	-157	-1	-464	-483	19	-4,0%
Árbæjarskóli	5	0	5	-695	-710	15	-272	-295	23	-962	-1.005	44	-4,3%
Vesturbæjarskóli	5	0	5	-322	-334	12	-208	-219	11	-525	-553	29	-5,2%
Réttarholtsskóli	0	0	0	-394	-435	41	-215	-221	6	-609	-656	47	-7,2%
Grunnskólar samtals	108	0	108	-13.258	-12.882	-375	-6.437	-6.567	130	-19.586	-19.449	-137	0,7%
Sérskólar													
Klettaskóli	560	525	35	-1.097	-947	-150	-376	-350	-26	-913	-772	-142	18,4%
Klettaskóli - Korpu	0	0	0	-5	0	-5	0	0	0	-5	0	-5	n/a
Brúarskóli	0	0	0	-273	-275	1	-80	-80	0	-353	-354	1	-0,4%
Sérskólar samtals	560	525	35	-1.376	-1.222	-154	-456	-429	-26	-1.272	-1.126	-145	12,9%
Samtals	754	592	162	-16.876	-16.348	-528	-8.159	-8.249	89	-24.282	-24.005	-277	1,2%

Nettó útgjöld leikskólahluta SFS voru 16.522 m.kr. sem var 897 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,7%.

Leikskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %
Leikskólar	873	967	-93	-10.347	-10.275	-72	-3.190	-3.009	-181	-12.663	-12.317	-346	2,8%
Óreglulegir liðir leikskóla				-17	0	-17	-6	-38	32	-24	-38	14	-38%
Sérstök afskrift							-258	0	-258	-258	0	-258	n/a
Miðlægt og endurúthlutun	154	108	46	-252	-76	-176	-118	-252	134	-217	-220	3	-1%
Samtals borgarrekni	1.027	1.075	-48	-10.617	-10.351	-266	-3.573	-3.299	-274	-13.162	-12.575	-587	4,7%
Einkaskólar							-3.082	-2.756	-326	-3.082	-2.756	-326	11,8%
Dagforeldrar							-278	-294	16	-278	-294	16	-5,5%
Samtals einkaskólar og dagf.							-3.359	-3.049	-310	-3.359	-3.049	-310	10,2%
Samtals	1.027	1.075	-48	-10.617	-10.351	-266	-6.932	-6.348	-584	-16.522	-15.625	-897	5,7%

Rekstrarniðurstaða borgarrekinnna leikskóla var 2,8% umfram fjárheimildir eða 346 m.kr., án óreglulegra liða og sérstakrar afskriftar sem var 258 m.kr. og tengist ekki rekstri leikskóla SFS. Leikskólar hafa einnig verið með útgjöld vegna stuðnings umfram fjárhagsramma og mynda þau útgjöld umframkeyrslu á miðlægum liðum leikskóla. Til að ná betur utan um rekstur leikskólanna hefur verið unnið að nýju leikskólalíkani sem formlega var tekið í notkun í ársbyrjun 2025. Er vonast til þess að með því fáið betri sýn á reksturinn og nýtt rekstrarlíkani nái að fanga nauðsynlegar fjárheimildir til reksturs leikskóla. Afleysing vegna langtímoveikinda hefur farið 27 m.kr. fram úr fjárheimildum. Heildarveikindahlutfall leikskóla á tímabilinu var á tímabilinu 8,61% en var 9,92% fyrir sama tímabil 2025. Framkvæmdir vegna viðgerða og viðhalds vegna innvistarvandamála hafa haft töluverð áhrif á rekstur leikskóla og valdið ófyrirséðum kostnaði.



Annar rekstrarkostnaður leikskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda				
Innri leiga húsnæðis	-1.518	-1.519	1	-0,1%
Sérstök afskrift	-258		-258	
Rafmagn, hiti og vatn	-77	-65	-12	18,6%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	-286	-264	-22	8,2%
Einkareknir skólar, dagforeldrar, önnur sveitarf.	-3.322	-3.260	-62	1,9%
Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda	-5.460	-5.107	-353	6,9%
Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda				
Hráefni í mótuneyti	-974	-830	-144	17,3%
Kennsluefni	-31	-39	8	-21,5%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	-7	-7		-1,4%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	-71	-90	19	-21,2%
Húsaleiga	-32		-32	
Aðkeypt vinna	-79	-23	-56	248,0%
Innri leiga búnaðar	-202	-143	-59	41,0%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	-77	-110	32	-29,3%
Samtals ýmiss kostnaður	-1.472	-1.241	-231	18,6%
Samtals annar rekstrarkostnaður	-6.932	-6.348	-584	9,2%

Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu leikskóla borgarinnar Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2026 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

Borgarrekniir leikskólar (m.kr.)													
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostn raun	Kostn áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Hólaborg	8	8	-1	-97	-86	-11	-30	-26	-4	-120	-104	-16	15,2%
Mariuborg	13	13	0	-145	-129	-16	-44	-37	-7	-176	-153	-23	15,0%
Seljaborg	8	9	-1	-77	-69	-8	-28	-26	-2	-97	-87	-11	12,3%
Gullborg	16	17	0	-169	-152	-16	-44	-44	0	-196	-180	-16	9,0%
Bjartahlíð	19	21	-2	-207	-194	-13	-57	-52	-5	-245	-225	-20	8,9%
Klambrar	15	17	-2	-182	-167	-14	-54	-52	-2	-220	-202	-19	9,2%
Árborg *	6	7	-1	-103	-102	-2	-18	-11	-7	-115	-106	-9	8,8%
Furuskógur	16	19	-2	-192	-191	-1	-76	-60	-16	-252	-233	-19	8,0%
Drafnarsteinn	17	18	-1	-196	-185	-10	-52	-46	-5	-230	-213	-17	7,8%
Jörfi	21	21	-1	-186	-183	-3	-67	-55	-12	-233	-217	-16	7,4%
Sunnuás	20	19	1	-217	-199	-18	-94	-98	4	-291	-278	-13	4,7%
Álftaborg	13	14	-1	-173	-169	-4	-49	-41	-8	-208	-196	-13	6,4%
Austurborg	15	17	-2	-171	-168	-3	-45	-37	-8	-201	-188	-13	6,7%
Reynisholt *	13	14	-1	-144	-146	1	-43	-32	-10	-174	-164	-9	5,6%
Hamrar	15	15	-1	-130	-123	-6	-39	-37	-2	-154	-145	-9	6,2%
Tjörn	12	13	-1	-146	-140	-6	-36	-34	-2	-170	-162	-8	5,1%
Hof	19	19	0	-189	-179	-9	-41	-40	-1	-211	-200	-10	5,2%
Græna borg *	12	13	-1	-142	-139	-3	-37	-33	-4	-167	-159	-8	5,2%
Funaborg *	7	10	-2	-117	-116	-1	-21	-19	-2	-131	-125	-6	4,9%
Rauðaborg	9	10	-1	-92	-90	-3	-27	-26	-2	-111	-106	-5	4,7%
Borg *	16	20	-4	-225	-224	-1	-62	-55	-7	-271	-259	-12	4,5%
Laugasól *	7	11	-3	-163	-163	0	-59	-54	-5	-214	-206	-8	3,9%
Vesturborg	7	9	-2	-89	-89	-1	-27	-25	-2	-109	-105	-4	3,7%
Blásalir	12	14	-2	-130	-128	-2	-35	-33	-2	-153	-147	-6	4,0%
Ösp	8	9	-1	-129	-130	0	-38	-32	-6	-159	-153	-6	3,9%
Steinahlíð	8	9	-1	-92	-92	0	-36	-33	-3	-120	-116	-4	3,1%
Klettaborg	14	12	2	-198	-197	-1	-65	-56	-9	-249	-240	-9	3,7%
Nauthólsvegur	13	16	-3	-147	-147	-1	-79	-77	-3	-213	-207	-6	3,0%
Sólborg	11	13	-2	-198	-198	1	-41	-34	-6	-227	-220	-7	3,3%
Ægisborg *	10	13	-4	-134	-136	2	-41	-37	-4	-165	-160	-5	3,2%
Geislabaugur	18	20	-2	-187	-188	1	-52	-47	-5	-222	-215	-7	3,1%
Lyngheimar	13	13	0	-136	-134	-1	-42	-38	-3	-165	-160	-5	3,1%
Sunnufold *	16	18	-2	-165	-166	1	-57	-52	-5	-205	-200	-5	2,7%
Hálsaskógur	12	11	0	-140	-146	6	-37	-26	-11	-166	-161	-5	2,9%
Fífuborg	12	13	-1	-142	-141	-2	-68	-65	-3	-198	-193	-5	2,6%
Vogabyggð	15	18	-3	-178	-178	1	-90	-86	-4	-253	-247	-6	2,5%
Jöklaborg	16	18	-2	-197	-195	-1	-41	-39	-2	-222	-216	-5	2,5%
Langholt *	27	29	-2	-247	-249	1	-96	-90	-6	-316	-310	-7	2,2%
Hulduheimar	13	14	0	-150	-150	0	-40	-37	-3	-177	-173	-4	2,4%
Suðurborg	18	19	-1	-206	-207	1	-63	-58	-5	-251	-246	-6	2,3%
Bakkaborg *	16	18	-2	-201	-201	0	-55	-52	-3	-240	-235	-5	2,3%
Stakkaborg	16	18	-1	-190	-191	1	-47	-46	-2	-221	-219	-3	1,2%
Brekkuborg	11	12	-1	-150	-148	-2	-25	-26	0	-164	-161	-3	2,0%
Nóaborg	11	13	-2	-139	-139	0	-37	-36	-1	-165	-162	-3	1,9%
Sæborg	12	13	-2	-121	-122	1	-33	-32	-1	-142	-140	-2	1,8%
Rauðhóll	28	32	-4	-358	-353	-5	-94	-98	4	-424	-419	-5	1,2%
Miðborg	18	23	-5	-229	-230	1	-110	-109	-1	-321	-316	-5	1,5%
Bríetartún	20	18	1	-221	-216	-5	-77	-76	-1	-277	-274	-4	1,4%
Múlaborg	16	19	-3	-267	-266	-1	-79	-79	0	-330	-327	-4	1,1%
Eggertsgata	13	15	-2	-146	-144	-2	-90	-92	2	-223	-221	-2	0,8%
Seljakot	15	15	0	-141	-144	4	-53	-51	-2	-178	-180	2	-1,1%
Hraunborg *	10	12	-2	-119	-124	5	-36	-34	-2	-146	-146	0	-0,3%
Kvistaborg	16	15	1	-173	-176	3	-54	-53	-2	-211	-214	3	-1,2%
Holt	14	15	-1	-192	-195	3	-46	-46	0	-225	-226	2	-0,7%
Heiðarborg	12	12	-1	-129	-131	2	-37	-38	1	-155	-157	2	-1,5%
Engjaborg *	12	13	-1	-133	-134	2	-34	-35	1	-155	-157	2	-1,3%
Leikskólinn í Úlfarsárdal	28	29	-1	-322	-324	2	-36	-39	3	-331	-335	4	-1,2%
Laufskálar	15	15	-1	-142	-145	2	-27	-29	2	-154	-158	4	-2,6%
Rofaborg	14	16	-2	-170	-176	6	-41	-43	2	-197	-203	6	-2,9%
Granda - Hagaborg * **	13	19	-6	-193	-213	20	-50	-45	-5	-230	-239	9	-3,9%
Brákarborg *	8	14	-6	-122	-142	20	-102	-106	4	-217	-234	18	-7,6%
Vinagerði *	11	12	0	-91	-93	2	-26	-34	8	-106	-115	9	-7,7%
Hlíð *	5	6	-1	-71	-84	13	-30	-28	-2	-96	-106	10	-9,3%
	873	967	-93	-10.347	-10.275	-72	-3.190	-3.009	-181	-12.663	-12.317	-346	2,8%

* Framkvæmdir verið á tímabilinu
** Hagaborg og Grandaborg eru reknir saman

Frístunda- og félagsmiðstöðvastarf

Frístundastarf	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %
Sértækar félagsmiðstöðvar	6	8	-2	-136	-172	36	-14	-23	9	-144	-187	43	-23,2%
Frístundamiðstöðvar	498	559	-61	-2.722	-2.772	50	-434	-409	-26	-2.658	-2.622	-36	1,4%
Miðlægt og endurúthlutun	2	40	-39	0	32	-32	-74	-61	-13	-73	11	-84	-746,8%
Sérstök afskrift							-48	0	-48	-48	0	-48	n/a
Samtals	506	608	-102	-2.858	-2.912	53	-570	-494	-77	-2.922	-2.798	-125	4,5%

Frístunda- og félagsmiðstöðvastarf var 125 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,5%, þar af eru 48 m.kr. sérstök afskrift sem tengist ekki almennum rekstri frístundastarfs SFS. Tekjur voru 102 m.kr. undir áætlun sem kemur til vegna þess að minni aðsókn var en gert var ráð fyrir. Launakostnaður var 53 m.kr. innan fjárheimilda eða 1,8%. Annar rekstrarkostnaður að meðtalinni sérstakri afskrift var 77 m.kr. umfram fjárheimildir.

Skrifstofur SFS og miðlægir liðir

Skrifstofur SFS	Tekjur			Laun		Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %
Skrifstofur SFS	7	5	2	-662	-670	7	-123	-123	0	-778	-788	9,9	-1,3%
Miðlægir liðir og styrkir	2	0	2				-81	-99	18	-79	-99	20	-20,1%
Skóla og frístundaráð				-3	-3		-1	-1	0	-3	-4	0,5	-13,4%
Samtals	9	5	4	-665	-672	7	-205	-224	19	-861	-891	30	-3,4%

Skrifstofur SFS voru innan fjárheimilda að fjárhæð 9,9 m.kr. eða 1,3%. Á liðum sem falla undir miðlæga liði og styrki voru útgjöld 20 m.kr. innan fjárheimilda. Óverulegt frávik var hjá skóla- og frístundaráði. Í heild var miðlæg skrifstofa innan fjárheimilda að fjárhæð 30 m.kr. eða 3,4%.

Listaskólar

Listaskólar ofl.	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %
Skólahljóms. og Tónl. Kj.	15	15		-245	-233	-11	-20	-10	-9	-249	-229	-21	9,0%
Tónlistarskólar							-908	-906	-2	-908	-906	-2	0,2%
Myndl. og framhalds.							-84	-83	-1	-84	-83	-1	0,7%
Endurúthlutun ofl				0	-44	44	0	-50	50	0	-94	94	-100%
Samtals	15	15		-245	-278	33	-1.011	-1.049	38	-1.240	-1.312	72	-5,5%

Skólahljómsveitir voru 21 m.kr. umfram fjárheimildir eða 9,0%. Tónlistaskólar voru 2 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,2%. Útgjöld fyrir kennslustundir sem Reykjavíkurborg kaupir voru 651 m.kr. vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfærleik. Fyrir kennslustundir sem ríkið kaupir í gegnum Jöfnunarsjóð voru útgjöld 257 m.kr.

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Skóla- og frístundasvið var 1.158 m.kr. yfir fjárheimildum sem nemur 2,5% eða 1,8% án sérstakrar afskriftar, en sama tímabili 2025 var sviðið 232m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,5%.
- Rekstur leikskólahluta var 897 m.kr. eða 5,7% umfram fjárheimildir þar af var 258 m.kr. einskiptiskostnaður vegna sérstakra afskrifta. Án þessarar sérstöku afskriftar var frávik 639 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,1%.
- Einkareknir leikskólar eru 326 m.kr. umfram fjárheimildir eða 11,8% umfram fjárheimildir.
- Jákvæð þróun er á heildarveikindahlutfalli sviðsins sem lækkar úr 8,19% í 7,13% saman borið við sama tímabil í fyrra.
- Líkt og síðustu ár hefur rekstur Klettaskóla verið umfram fjárheimildir eða um 142.m.kr. á tímabilinu. Þetta skýrist m.a. af miklum afleysingum vegna veikinda og þjónustuþyngd barna hefur aukist mikið. Unnið er að gerð nýs úthlutunarlíkans fyrir sérskóla til að ná betur utan um rekstur þeirra.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Mikilvægt er að bregðast við frávikum í rekstri á starfsstöðum sem eru komnir nú þegar talsvert fram yfir fjárheimildir. Um er að ræða 10 grunnskóla og 21 leikskóla sem eru 4% eða meira umfram fjárheimildir.
- Nauðsynlegt er að tölur um barnafjölda liggi fyrir í samanburði við áætlanir til að unnt sé að meta frávik einstakra rekstrar- og þjónustupátta.